

REGLUGERÐ

um úthlutun á opnum tollkvótum á svínasiðum, frjóeggjum og eggjarauðum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka IV A við 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verð- og magn-toll:

Tollskrárn.	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn-tollur kr./kg
	Svínakjöt, fryst:				
	-- Annað:				
ex0203.2902	Annað - svínasiður með beini	20.06.14 - 15.09.14	ótilgr.	0	87
ex0203.2909	Annað - svínasiður, beinlausar	20.06.14 - 15.09.14	ótilgr.	0	204
	Frjóegg til útungunnar:				
0407.1100	Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.07.14. - 30.06.15	ótilgr.	0	0
0407.1900	Önnur	01.07.14. - 30.06.15	ótilgr.	0	0
	-- Önnur				
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í ≥ 5 kg umbúðum	01.07.14. - 30.06.15	ótilgr.	0	39

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407.1100 og 0407.1900) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

4. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2015.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. júní 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.